



FUNDARGERÐ SVEITARSTJÓRNAR

Miðvikudaginn 28. nóvember 2018 var fundur haldinn í sveitarstjórn Skagastrandar kl 8.00 á skrifstofu sveitarfélagsins.

Á fundinum voru mætt: Halldór G. Ólafsson, Péturína L. Jakobsdóttir, Róbert Kristjánsson, Guðmundur Egill Erlendsson og Kristín B. Leifsdóttir og Magnús B. Jónsson, sveitarstjóri

Halldór G. Ólafsson oddviti setti fundinn og stjórnaði honum. Sveitarstjóri ritaði fundargerð

1. Fjárhagsáætlun 2019-2022 (fyrri umræða)

Fyrir fundinum lá fjárhagsáætlun sveitarsjóðs og stofnana fyrir árin 2019-2022 til fyrri umræðu. Fjárhagsáætlun 2019 var annarsvegar tekin til umræðu og hins vegar fjögurra ára áætlun 2019-2022. Sveitarstjóri fór yfir og gerði grein fyrir helstu niðurstöðum áætlunarinnar. Sveitarstjórn ræddi áætlunina og fór yfir meginatriði hennar. Samþykkt að vísa áætluninni til annarrar umræðu.

2. Samningur um ræsingu Húnaþinga

Fyrir fundinum lá samningur milli Blönduósbæjar, Húnavatnshrepps, Skagabyggðar, Sveitarfélagsins Skagastrandar, Húnaþings vestra og Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands vegna verkefnisins Ræsing Húnaþinga. Verkefnið hefur að markmiði að efla nýsköpun á landsbyggðinni með öflugum stuðningsverkefni fyrir nýjar atvinnuskapandi hugmyndir. Sveitarstjórn ræddi samninginn en samþykkti hann síðan og samþykkti að Jón Ólafur Sigurjónsson verði fulltrúi sveitarfélagsins í stjórn Ræsingar.

3. Verklagsreglur um viðauka við fjárhagsáætlunir

Fyrir fundinum lágu leiðbeinandi verklagsreglur um gerð viðauka við fjárhagsáætlun ásamt kynningarbréfi Reikningsskila- og upplýsinganefndar sveitarfélaga dags. 7. nóvember 2018. Tilgangur með leiðbeinandi reglum er að festa betur í form ferli ákvörðunar og eftirlit með því að rekstur sveitarfélags sé í samræmi við fjárhagsáætlun þess.

Verklagsreglurnar voru til kynningar.

4. Jöfnunarsjóður sveitarfélaga, breyting á reglugerð

Fyrir fundinum lá bréf Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis, dags. 1. nóvember 2018 þar sem tilkynnt er um að ráðuneytið hafi lagt drög að nýrri reglugerð um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga. Með bréfinu fylgdi samantekt um helstu breytingar sem fyrirhugaðar eru á reglugerðinni og sjálf reglugerðardrögin. Með bréfinu er bent á að hægt sé að veita umsögn um fyrirhugaðar breytingar á samráðsgátt stjórnvalda.

Bréfið og fylgigögn voru til kynningar.



5. Skólaakstur

Fyrir fundinum lágu drög að samningi milli sveitarfélagsins og Skagabyggðar um aðild að skólaakstri nemanda frá Litla Felli. Sveitarstjórn ræddi fyrirbyggjandi drög að samningi og samþykkti skólaaksturinn á þeirri forsendu að fjarlægð milli heimilis og skóla sé 1.500 metrar.

6. Umsögn um rekstrarleyfi

Fyrir fundinum lá beiðni sýslumannsembættisins um umsókn dags. 11.10.2018 þar sem Gunnar Ingibergsson, Álfaskeiði 56, 220 Hafnarfirði, f.h. Skagahúsa ehf. til heimilis að sama stað, sækir um leyfi til að reka gististað í flokki III í smáhýsum á Melstaðatúni, 545 Skagaströnd.

Sveitarstjórn ræddi erindið og samþykkti að fresta afgreiðslu þess og óska frekari upplýsinga þar sem ekki kemur fram hvort um er að ræða umsókn um leyfi fyrir eina fasteign eða fleiri og ekki liggur fyrir að fasteignir séu skráðar á því landnúmeri sem gefið er upp.

7. Bréf

a. Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis, dags. 22. nóvember 2018

Fyrir fundinum lá bréf Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins þar sem tilkynnt er um byggðakvóta til Skagastrandar sem nemur 300 þorskígildistönum. Sveitarstjórn er jafnframt veittur frestur til 21. desember til að gera tillögur að sérstökum skilyrðum varðandi úthlutun byggðakvótans.

Bréfið var til kynningar og samþykkt að fela sveitarstjóra að gera tillögu að sérstökum reglum og leggja fyrir sveitarstjórnarfund.

b. Fiskistofu, dags. 14. nóvember 2018

Með bréfinu er tilkynnt um að sérstakt veiðigjald hafi verið lagt á vegna strandveiða og hlutur Skagastrandarhafnar í því sé 1.433.416 kr.

Bréfið var til kynningar.

c. Framkvæmdastjóra EBÍ, dags. 18. október 2018

Með bréfinu er tilkynnt um ágóðahlutagreiðslu úr Sameignarsjóði EBÍ. Sveitarfélagið á 0,730% í sjóðnum og ágóðahlutur af 50 milljónum er því 365.000 kr.

Bréfið var til kynningar.



d. Þjóðskrár Íslands, dags. 1. okt. 2018

Þjóðskrár Íslands óskar með bréfinu eftir landfræðilegum gögnum til að byggja upp landeignaskrá.

Sveitarstjórn samþykkti heimild til að afhenda Þjóðskrá umrædd gögn sem sveitarfélagið á í þeim tilgangi sem um getur í bréfinu.

e. Umhverfisstofnunar, dags. 16. nóvember 2018

Með bréfinu er greint frá því að Umhverfisstofnun hyggist veita sveitarfélaginu áminningu vegna frávíks frá fyrirmælum um frágang og vöktun og upplýsingargjöf vegna urðunarstaðarins að Neðri Harrastöðum.

Bréfið var til kynningar.

f. Sóknarprests Hólaneskirkju, dags. 12. nóvember 2018

Með bréfinu óskar sóknarprestur eftir 50 þús. kr. styrk til barna- og æskulýðsstarfs á vegum kirkjunnar.

Erindinu var samþykkt.

g. Heimilisiðnaðarsafnsins, dags. 8. nóvember 2018

Með bréfinu sem er afrit erindis til Byggðasamlags um atvinnu og menningarmál er óskað eftir rekstrarstyrk fyrir heimilisiðnaðarsafnið.

Bréfið var til kynningar.

h. USAH, dags. 13. nóvember 2018

Með bréfinu óskar USAH eftir rekstrarstyrk frá sveitafélaginu vegna ársins 2019.

Erindinu var vísað til gerðar fjárhagsáætlunar.

i. Stígamóta, 31. október 2018

Með bréfinu er óskað eftir rekstrarstyrk vegna ársins 2019.

Erindinu var vísað til gerðar fjárhagsáætlunar.

2. Fundargerðir

a. Fræðslunefndar 11.09.2018

Fundargerðin var til kynningar.

b. Sameiningarnefndar A-Hún, 1.10.2018

Fundargerðin var til kynningar.



- c. Stjórnar Félags- og skólaþjónustu A-Hún, 5.11.2018

Fundargerðin var til kynningar.

- d. Stjórnar Félags- og skólaþjónustu A-Hún, 14.11.2018

Fundargerðin var til kynningar.

- e. Stjórnar Tónlistarskóla A-Hún, 20.11.2018

- i. Fjárhagsáætlun Tónlistarskólans 2019

Fundargerðin var til kynningar og ekki gerðar athugasemdir við fjárhagsáætlun tónlistarskólans.

- f. Þjónusturáðs – þjónustu við fatlað fólk á Nv, 20.11.2018

- i. Rekstraryfirlit jan-sept 2018

- ii. Fjárhagsáætlun 2019

Fundargerðin var til kynningar og ekki gerðar athugasemdir við fjárhagsáætlun 2019.

- g. Stjórnar SSNV, 6.11.2018

Fundargerðin var til kynningar.

- h. Stjórnar Hafnasambands Íslands, 24.10.2018

Fundargerðin var til kynningar.

3. Önnur mál

Fyrir fundinum lá erindi frá Tónlistarskólanum á Akureyri dags. 26. nóv. 2018 sem óskar eftir að sveitarfélagið greiði sveitarfélagshluta kostnaðar við tónlistarnám Valgerðar Guðnýjar Ingvarsdóttur sem stundar hljóðfæranám á miðstigi. Í bréfinu kemur einnig fram að sveitarfélagið geti sótt um endurgreiðslur á hluta kostnaðar til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Erindið var samþykkt.

Fleira ekki tekið fyrir fundi slitið kl 11.15

Halldór G. Ólafsson,

Péturína L. Jakobsdóttir

Róbert Kristjánsson

Guðmundur E. Erlendsson

Kristín B. Leifsdóttir

Magnús B. Jónsson